

Þriðjudagur 14. mars 2017

Fundur Végarði, í stjórn landbótasjóðs, kl. 20:45

Allir aðalmenn mættir, Eiríkur Kjerúlf, Jóhann Þórhallsson og Anna Bryndís.

1. Reikningar ársins 2016 liggja fyrir fundinum. Í styrki var ráðstafað, auk annars kostnaðar 8.100.000. Í styrki voru greiddar 7.491.003 kr, reikningshald og annar kostnaður 503.137 kr. Alls 7.994.140,-
Hrein eign sjóðsins í árslok 39.371.444,-.
Reikningar skoðaðir og yfirfarnir, samþykktir án athugasemda, annarra en að þykja bókhaldskostnaður óþarflega hár.

2. Starfsemi ársins. Ellefu jarðir fengu styrki. Samtals var dreift 55,23 tonnum af áburði, sáð 55 kg af fræi á 310 ha lands. Svæðið er undir 300 m. yfir sjó.

Ákveðið að senda útfyllta skilagrein og loftmynd af þeim jörðum sem fengu vilyrði fyrir styrk. Þannig að fáist glegggra yfirlit fyrir greiðslu styrksins.

Formanni falið að kynna umsækjendum um styrkúthlutun.

3. Stjórn stefnir að ferð síðsumars, til að skoða svæði sem landbótasjóður hefur veitt styrki til.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 23.

Anna Bryndís, fundarritari (sign)

Eiríkur J. Kjerúlf (sign)

Jóhann F. Þórhallsson (sign)